

Nd.

450. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (Kl. J., Jör. B. og H. Stef.).

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið ásátt um þetta mál.

Ágreiningurinn nær þó ekki til 2. gr. frv.; um hana er öll nefndin sam- mála og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

En um 1. gr. frv. er öðru máli að gegna. Þrír nefndarmanna (Á. F., B. L. og J. A. J.) vilja fella hana alveg burtu. Einn þeirra (Jak. M.) hefir sjerstöðu til hennar, er hann mun gera grein fyrir, en tveir þeirra (H. Stef. og Kl. J.) vilja ekki aðhyllast frumvarpsgreinina óbreytta, og Jörundur Brynjólfsson vill eftir at- vikum fallast á þá breytingu á greininni, sem þessi hluti nefndarinnar ber fram. Frumvarpið er meðal annars komið fram af sparnaðarástæðum, og getur þessi hluti nefndarinnar fallist á það, að nokkur sparnaður muni verða því samfara, að áfengisverslunin verði lögð undir landsverslunina. Hann telur eigi þörf vera á því, að skylda ríkisstjórnina til þess að sameina þessar verslanir. Hann telur nægja að gefa stjórninni heimild til þessa, er hún getur notað eftir því, sem best þykir henta, er samningur við núverandi forstjóra áfengisverslunar er á enda. Þessir nefndarmenn leggja því til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Við 4. gr. laganna bætist svolátandi málsgrein:

Þegar samningur við forstjóra áfengissölu ríkissjóðs er á enda, er ríkis-

stjórninni heimilt að fela forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunarinnar og að skipa jafnframt mann með lyfsalaprófi til að hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins og standa fyrir þeim útvegnum, sem um ræðir í þessari grein.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Kl. Jónsson.

Jörundur Brynjólfsson,
fundaskrifari og frsm.

Halldór Stefánsson.